



Þingeyjarsveit

Samþykkt af skipulags-
og byggingarfulltrúa.

14. júní 2016

Þórunn Þorkjál
skipulags- og byggingarfulltrúi

FRAMKVÆMDALEYFI

Kröflulína 4

Leyfisveitandi:

Þingeyjarsveit
Kt. 590602-2640
Kjarna
650 Laugar

Leyfishafi:

Landsnet hf
Kt. 580804-2410
Gylfaflöt 9,
112 Reykjavík

Júní 2016

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 13. júní s.l., samanber einnig bókun skipulags- og umhverfisnefndar, dags. 9. júní, erindi dags 18. mars 2016 frá Guðmundi Inga Ásmundssyni, forstjóra, f.h. Landsnets um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir

Kröflulínu 4, 220 kV háspennulínu frá Þeistareykjavirkjun að sveitarfélagamörkum að Skútustaðahreppi:

Leyfisveitandi: Þingeyjarsveit, kt 590602-2640, Kjarna, 650 Laugar,
Leyfishafi: Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaglöt 9, 112 Reykjavík.

Gögn vegna leyfisumsóknar:

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags 18. mars 2016.
2. „Upplýsingar vegna útgáfu framkvæmdaleyfis“ dags í mars 2016 frá Mannviti verkfræðistofu, þar sem m.a. kemur fram hvernig Landsnet hf muni koma til móts við skilyrði Skipulagsstofnunar við leyfisveitingar samkvæmt álit hennar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010.
3. Kröflulína 4.
-Fylgiskjal 4. Matsskýrsla og viðaukar.
-Skýrsla og fylgiskjöl.

Skipulagslegar forsendur leyfisveitingar:

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli sérstaks mats um framkvæmdina; Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi, og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka, Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 má finna á eftirfarandi vefslóðum:

Vegna sameiginlega umhverfismatsins:

<http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/821/2010020001.pdf>

Vegna umhverfismats háspennulína:

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/654/2007060066.pdf>

Forsendur í lögum og reglugerðum fyrir leyfisveitingu:

Skipulagslög nr. 123/2010, gr. 13. - 16.

Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., sbr. m.a. 3. mgr. 61. gr. þar sem fyrir liggja umsagnir samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laganna.

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingu:

Samkvæmt álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 telur hún að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Landsnet þarf að tryggja að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs á svæði sem nú er eitt virkasta rofsvæði landsins.
2. Ef votlendi verður raskað þarf landsnet að endurheimta a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem raskast.
3. Landsnet þarf að tryggja að sjaldgæfum plöntum við Þeistareyki verði hlíf eins og kostur er og að staðsetning háspennumastra og lega slóða taki mið af staðsetningu þeirra og einnig umferð meðan á framkvæmdum stendur. Þá þarf Landsnet að tryggja að að framkvæmdir trufli ekki varp fálka á svæðinu.
4. Landsnet þarf í samráði við Minjastofnun Íslands að tryggja að ekki verði raskað fimm fornleigum í landi Þeistareykja.
5. Landsnet þarf að leggja fram áætlun um rannsóknir á umfangi áflugs fugla á rafliðun og að niðurstöður rannsókna verði bornar undir Umhverfisstofnun.

Í greinargerð með umsókn með framkvæmaleyfi kemur fram hvernig Landsnet muni bregðast við þessum skilyrðum Skipulagsstofnunar. Útgáfa framkvæmdaleyfis af hálfu leyfisveitanda er háð því að skilyrði Skipulagsstofnunar séu uppfyllt.

Eftirlit með framkvæmdum:

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í í samræmi við útgefin leyfi. Samkvæmt samningi frá 18 maí 2016 um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar (UST) sem verksala með framkvæmdum Landsnets sem verkkaupa vegna framkvæmda við Kröflulínu 4 er skipulagsfulltrúi tengiliður sveitarfélagsins og skal tilkynna honum ef ætla má að verkefni stofnunarinnar og sveitarfélagsins skarist eða ef stofnunin telur ástæðu til að koma á framfæri ábendingum sem varða framkvæmdaleyfið.

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfið er ótímabundið, en miðast við framkvæmdatíma hinnar leyfisskyldu framkvæmdar.

Framkvæmdaleyfið fellur þó úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Framkvæmdaleyfisgjald:

Framkvæmdaleyfisgjald skv. gjaldskrá Þingeyjarsveitar að upphæð kr. 389.941.-
verður innheimt vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

Fyrirvarar og skilyrði framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt fyrirliggjandi og meðfylgjandi málgögnum og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem þar koma fram og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal það vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

Laugum, Þingeyjarsveit, 14. júní 2016,
f.h. Þingeyjarsveitar



Bjarni Reykjalin,

skipulags- og byggingarfulltrúi

Framkvæmdaleyfi er gefið út skv. 13. – 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 gilda einnig um starfsemina.

Fylgiskjöl:

1. Afrit af bókunum skipulags- og umhverfisnefndar frá 9. júní 2016 og sveitarstjórnar frá 13. júní 2016 vegna veitingar framkvæmdaleyfis.
2. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags 18. mars 2016, árituð af skipulags- og byggingarfulltrúa.
3. „Upplýsingar vegna útgáfu framkvæmdaleyfis“ dags í mars 2016 frá Mannviti, verkfræðistofu áritaðar af skipulags- og byggingarfulltrúa.



Skipulags- og umhverfisnefnd – 9.06.2016

78. fundur.

9. júní 2016 kl. 10:00 -11:40

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Miðhvammur. Deiliskipulag.*
2. *Þeistareykir. Umsókn um stofnun lóðar.*
3. *Mýlaugsstaðir. Umsókn um landskipti*
4. *Stóru-Laugar. Umsókn um landskipti*
5. *Skógar lóð,landnr. 153338. Umsókn um staðfestingu á landskiptum.*
6. *Breiðamýri. Grenndarkynning vegna umsóknar um byggingarleyfi.*
7. *Hringvegur í Reykjadal. Umsókn um framlengingu framkvæmdaleyfis.*
8. *Ófeigsstaðir og Rangá. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.*
9. *Kröflulína 4. Framkvæmdaleyfi.*

9. Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20160606

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2016 að vísa eftirfarandi erindi til skipulags- og umhverfisnefndar:

„Sveitarstjórn afturkallar samþykkt sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir Kröflulínu 4, dags. 28. apríl 2016, samanber 2. tl. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllunin er gerð þar sem ekki liggur fyrir bókun skipulags- og umhverfisnefndar um umsókn um framkvæmdaleyfið. Jafnframt er lagt fyrir nefndina að taka málið til umfjöllunar og afgreiðslu.“

Vísað er til erindis dags 18. mars 2016 frá Guðmundi Inga Ásmundssyni forstjóra, f.h. Landsnets þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4, 220 kV háspennulínu.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Kröflulína 4, 220 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrirbyggjandi og meðfylgjandi. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem gert er ráð fyrir háspennulínunum sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Í aðalskipulagi nágrannasveitarfélagsins Skútustaðahrepps er einnig gert ráð fyrir framkvæmdinni.

Meðfylgjandi eru gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar, sbr. sérstaklega 2. og 3. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags mars 2016, sem er aðalþáttur gagnanna er tekið saman af verkfræðistofunni Mannviti f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni, þ.m.t. 6. kafla lýsingarinnar þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir og skilyrði sem Skipulagsstofnun telur að setja þurfi við leyfisveitingu framkvæmdarinnar, sbr. mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Lýsingin, þ.m.t. hvernig mætt skuli skilyrðum Skipulagsstofnunar, eru þannig hluti umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar: Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Einnig hefur komið til skoðunar álit Skipulagsstofnunar vegna sameiginlegs mats, álvers á Bakka, háspennulína, virkjana í Kröflu og á Þeistareykjum, en framkvæmd samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn er ekki gerð í tengslum við álver á Bakka. Nefndin tekur undir álit Skipulagsstofnunar, m.a. um skilyrði leyfisveitingar, og vísar sérstaklega til stefnu Þingeyjarsveitar samkvæmt aðalskipulagi, sbr. t.d. kafla 4.1 um framtíðarsýn og meginmarkmið, sem rökstuðnings fyrir þeirri afstöðu.

Við samanburð á framkvæmd sem fyrirbyggjandi umsókn lýsir og matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi, er sýnt að framkvæmdin varðar einungis hluta þeirrar framkvæmdar, þ.e. Kröflulínu 4 sem liggur frá Kröflu að Þeistareykjum. Framkvæmdin er hluti umhverfismetinnar framkvæmdar, ekki eðlislega frábrugðinn heildarframkvæmdinni (matið varðar Kröflulínu 4 og 5) og ekki önnur framkvæmd en umhverfismat varðar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggst ekki gegn framkvæmdinni þar sem hún er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og fyrirhuguð framkvæmd uppfyllir skv. álit Skipulagsstofnunar frá 29. nóvember 2010 skilyrði 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda vegna sérstaks mats á framkvæmdinni; Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka (þó ekki sé fyrirhugað að reisa álver á Bakka), Þeistareykjavirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Húsavík.

Nefndin áréttar að ákvæði 13. gr. skipulagslaga, eins og greinin á við um framkvæmdaleyfisumsóknir vegna framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum og 14. gr. á einnig við um, séu uppfyllt, m.a. varðandi náttúruverndarlög nr. 60/2013 og þar sem við fyrri málsmeðferð hefur verið aflað umsagna sem 2. mgr. 68. gr. laganna vísar til, þ.e. við mat á umhverfisáhrifum og samþykkt deiliskipulags vegna Þeistareykjavirkjunar, skipulagsnr. 11077, staðfest 8.3.2012. Fyrri afgreiðsla Þingeyjarsveitar á deiliskipulaginu, sem tekur til Þeistareykja sem eru á náttúruminjaskrá, og afstaða skipulags og umhverfisnefndar til álits Skipulagsstofnunar, felur í sér að sérstök afstaða hefur verið tekin við leyfisveitinguna í skilningi 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá eru ekki forsendur til grenndarkynningar framkvæmdarinnar, sbr. 44. gr. skipulagslaga.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sbr. einnig svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umsókn Landsnets vegna Kröflulínu 4 verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.



194. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna mánudaginn 13. júní kl. 9:00

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 09.06.2016

- 1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 09.06.2016**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 9. júní s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í níu liðum.

9. liður fundargerðar; Kröflulína 4, umsókn um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd fjallaði um fyrirbyggjandi framkvæmdaleyfisumsókn og í bókun nefndarinnar kemur fram rökstudd afstaða um umsókn Landsnets vegna framkvæmdaleyfis fyrir Kröflulínu 4 og tillaga um afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 4 og staðfestir bókun nefndarinnar við umfjöllun um málið í heild. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdarleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu 9. liðar fundargerðar Skipulags- umhverfisnefndar vegna vanhæfis.